

## BRÁÐABIRGÐALÖG

100

19. júní

um breyting á lögum nr. 52, 8. sept. 1931 og á lögum nr. 15, 14. júní 1929  
(Útflutningsgjald á síld o. fl.).

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að samkvæmt gildandi lögum sé auk venjulegs útflutningsgjalds, sama útflutningsgjald á frystri og kældri síld sem á saltaðri síld, og óhæfilega hár tollur á fiskimjöli þurrkuðu. Telur hann óhjákvæmilegt að gera þegar í stað ráðstafanir í þá átt að lækka gjald þetta. Með því að svo er ástatt, teljum Vér nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

## 1. gr.

1. gr. l. nr. 52 8. sept. 1931 hljóði svo:

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu (108—120 l.) saltaðrar eða kryddaðrar síldar, hvers konar sem er, skal greiða í rikissjóð kr. 1.00.

## 2. gr.

Orðin „fiskimjöl þurrkuðu“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15 14. júní 1929 falli burt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.